



# Sumarskóli Ármanns



## Sumarið 2021

Opnað verður fyrir skráningu 7. apríl

### Fjölgreinaskólinn

Boðið er upp á tveggja vikna námskeið í útivistarparadís Reykjavíkur í Laugardalnum. Á námskeiðum Fjölgreinaskólans fá börnin að kynna fjölmörgum íþróttagreinum í bland við leiki og vettvangsferðir. Mikil áhersla er lögð á hreyfingu og fara börnin fótgangandi sem víðast. Námskeiðið er fyrir börn fædd 2011-2015 og stendur allan daginn. Starfsfólk hefur breiðan bakgrunn úr ólíkum íþróttagreinum.

Skipulögð dagskrá er frá kl. 9-12, góður matur og frjáls leikur í hádeginu á milli og svo aftur skipulögð dagskrá á milli kl. 13-16. Gæsla er í boði á milli kl. 8-9. Verð fyrir tveggja vikna námskeið er 27.000 krónur og innifalinn er heitur hádegismatur. Veittur er 10% systkinaafsláttur.

### Námskeið í boði:

- Námskeið 1, 14. júní - 25. júní (9 daga námskeið)
- Námskeið 2, 28. júní - 9. Júlí (10 daga námskeið)
- Námskeið 3, 12. júlí - 16. Júlí (5 daga námskeið)
  - Húsið lokað 19. júlí - 2. ágúst.
- Námskeið 4, 3. ágúst - 6. ágúst (4 daga námskeið)
- Námskeið 5, 9. ágúst - 20. Ágúst (10 daga námskeið)

### Verð:

- Námskeiðisgjald allur dagurinn (m.hádegismat) 27.000 kr.
- Námskeið 1. ódýrara og kostar 24.700 kr, námskeið 3 kostar 13.500 kr. og námskeið 4. kostar 10.800 kr.

### Skráning:

- Skráning í Fjölgreinaskólann fer fram á [www.sportabler.com/shop/armann](http://www.sportabler.com/shop/armann)
  - Gæsla: Skrá þarf í gæslu sem er í boði milli kl 8-9

[Ármann | Vefverslun \(sportabler.com\)](http://www.sportabler.com)

Í fullu fjöri í sumar 🌞



# Sumarskóli Ármanns



## Fimleikaskólinn

Boðið er upp á faglegt eins vikna námskeið þar sem að fléttað er saman fimleikum, leikjum, útiveru og öðrum íþróttum. Frábærar aðstæður eru til að stunda fimleika og aðrar íþróttir í kringum fimleikahús Ármanns í Laugardalnum. Námskeið Fimleikaskólans er þannig byggt upp að alla jafna eru fimleikar á morgnana og svo útivera og aðrar íþróttir eftir hádegi. Farið verður í sund, húsdýragarðinn og ýmsar aðrar vettvangsferðir í nágrenninu. Námskeiðið er í boði fyrir börn fædd 2011-2015 og er val um að vera fyrir hádegi eða heilan dag. Starfsfólk á námskeiðinu eru fimleikabjálfarar sem vanir eru að starfa með börnum á öllum aldri, auk aðstoðarfólks.

Skipulögð dagskrá er frá kl. 9-12, svo er hádegismatur og frjáls leikur. Eftir matinn er skipulögð dagskrá á milli kl. 13-16. Gæsla er í boði á milli kl. 8-9. Verð fyrir vikunámskeið er 15.500 krónur, allur dagurinn og hádegismatur innifalinn, en 7.500 krónur fyrir námskeið bara fyrir hádegi án hádegismatar. Veittur er 10% systkinaafsláttur af lægra gjaldi.

## Námskeið í boði

- Námskeið 1, 14.júní - 18. júní (4.dagar)
- Námskeið 2, 21. Júní - 25. Júní
- Námskeið 3, 28. júní - 2. júlí
- Námskeið 4, 5. Júlí - 9. júlí
- Námskeið 5, 12. júlí - 16. júlí
- Húsið er lokað 19.júlí - 2.ágúst
- Námskeið 6, 3.ágúst - 6.ágúst (4.dagar)
- Námskeið 7, 9.ágúst - 13.ágúst
- Námskeið 8, 16.ágúst - 20.ágúst

## Verð:

- Námskeiðsgjald allan daginn (m.hádegismat) 15.500 kr

Námskeiðsgjald fyrir hádegi er 7.500 kr (ekki hádegismatur)

- Námskeið 1 og 6 eru ódýrari, þau eru 4 dagar, allur dagurinn 12.500 kr og fyrir hádegi 6.000 kr

## Skráning:

- Skráning í Fimleikaskólann fer fram á [www.sportabler.com/shop/armann](http://www.sportabler.com/shop/armann)
- Gæsla: Skrá þarf í gæslu sem er í boði milli kl 8-9

[Ármann | Vefverslun \(sportabler.com\)](http://www.sportabler.com)

Í fullu fjöri í sumar 🌞